

BORGARRÁÐ 16. apríl 2020: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að ársreikningur samstæðu Reykjavíkurborgar sé stillt upp þannig að Félagsbústaðir séu á kostnaðargrunni - R19120193

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela fjármálasviði að stilla upp ársreikningi samstæðu Reykjavíkurborgar þannig að Félagsbústaðir hf. séu á kostnaðargrunni í samstæðureikning borgarinnar. Þetta verði gert til að sjá samanburð á reikningnum eftir hefðbundnum reikningskilaaðferðum.

Greinargerð:

Fram hefur komið ágreiningur í endurskoðunarnefnd varðandi framsetningu ársreiknings Félagsbústaða og hvernig hann er settur inn í samstæðureikning Reykjavíkurborgar með uppreiknuðum hagnaði af endurmati eigna. Hefur þessi ágreiningur leitt til þess að einn nefndarmanna í endurskoðunarnefnd hefur nú sagt sig frá nefndinni. Nauðsynlegt er að borgarfulltrúar fái samanburð á framsetningu samstæðureiknings borgarinnar vegna þessa áður en ársreikningur er tekinn til samþykktar í borgarstjórn.